

**Ed.**

**51. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flutningsmaður: Einar Árnason.

1. gr.

6. gr. B. 1. orðist svo:

Peir, er verið hafa á gjaldárinu sjómenn á skipi, skrásettu hjer á landi eða gerðu út hjeðan 3 mánuði eða lengur, eða hafa stundað hjer atvinnu eða dvalist hjer ekki skemra en 2 vikur.

2. gr.

6. gr. B. 2. orðist svo:

Peir, er reka hjer atvinnu í landi eða landhelgi á gjaldárinu, svo sem: verslun, sjávarútveg, fiskverkun, eða hafa hjer laxveiði til atvinnu eða laxár á leigu, afnot af jörð, eiga hjer eignir, er arð gefa, eða skip leggur hjer upp afla sinn o. s. frv.

3. gr.

8. gr. a. orðist svo:

Ef hann rekur atvinnu eða skip leggur upp afla, er meiru nemur en 3000 kr., enda má þá ekki leggja á gjaldþegn að því leyti í heimilissveit hans.

4. gr.

Aftan við 9. gr. b. komi: og 8. gr. a. taki eigi til.

5. gr.

Aftan við 11. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Nú telur gjaldþegn ekki fram til niðurlögnarnefndar atvinnusveitar eignir sínar og tekjur, er hann hafði í atvinnusveit, eða veitir ekki að öðru leyti þá fræðslu um hagi sína, er niðurlögnarnefndin krefur hann, og skal þá niðurlögnarnefnd atvinnusveitar áætla honum ríflegar eignir og tekjur, svo að áreiðanlegt megi telja, að hann vinni ekki á að halda upplýsingum fyrir nefndinni. Þegar svo stendur á, skal sú áætlun lögð til grundvallar við niðurlögnun útsvars gjaldþegns í heimilissveit.

6. gr.

Nú greiðir gjaldþegn útsvar á fleiri stöðum en einum, og má niðurlögnarnefnd heimilissveitar þá aldrei leggja útsvar á rekstur gjaldþegns í dvalarsveit.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar og flutt samkvæmt ósk hennar.

Ad 1. gr.

Reynslan hefir sýnt, að ákvæði gildandi laga um að erlendir menn, sem »reka« ekki atvinnu o. s. frv., verði að dvelja hjer 3 mánuði áður en þeir verði útsvarsskyldir, eru alls ófullnægjandi. Eins og orðin »að reka atvinnu, verslun« o. s. frv. eru alment lögskýrð, munu útlendingar, sem koma hingað og dvelja hjer 2—3 vikur — eins og títt er um marga sildarkaupmenn norðanlands — og kaupa hjer nokkra skipsfarma af sild — eða þótt minna nemi — ekki geta talist »reka atvinnu eða verslun« og því ekki útsvarsskyldir. Eru slík kaup sjerstæð og ekki samfeldur atvinnurekstur. Þessir menn hafa ekki skrifstofur t. d. Samt raka þeir oft saman offjár á slíkum kaupum, og því ósanngjarnt, að þeir skuli ekki vera útsvarsskyldir, enda þekkist svipaður skattur erlendis.

2—3 síðustu sumrin hafa líka nokkrir útlendingar komið hingað og annast fyrir útlenda skipamiðlara útvegum á skiprómi undir útflutning og aðflutning. Þessir menn hafa sjer þannig, að þeir þykjast aðeins safna fragtilboðum og senda til umbjóðenda sinna erlendis, er sjálfir geri svo fragtsamninginn við hlutaðeigandi inn- og útflytjendur hjer. Fást slíkir menn við þetta aðeins um sildveiðatfmann og þessir »milliliðir« eða þeirra umbjóðendur velta og græða hjer stórtje, þótt það stundum taki þá ekki nema 2—3 vikur. Ef hægt væri að leggja útsvar á slíkan gróða, aflaðan hjer á landi, verður útsvarsákvæðið að vera á þá leið, er greinin gerir ráð fyrir.

Ad 2. gr.

Greinin er alveg eins og áður nema ákvæðið um, ef erlend skip leggi upp afla.

Eftir gildandi lögum fær hjeraðið, þar sem íslenskt skip leggur upp afla

sinn, hlutfallslegt útsvar (ákveðið af heimilissveit skips). Erlend skip hafa yfirleitt ekki leyfi til að leggja upp afla sinn hjer á landi, en ef þeim yrði leyft það og að svo miklu leyti, sem þeim yrði leyft það, ættu þau ekki að sleppa betur en þau innlendu, sem í raun rjettri verða að borga útsvar af þeim afla, er þau leggja á land hjer.

Vera má, að dómstólarnir muni líta svo á, að ákvæðin í 6. gr. B. í gildandi lögum heimili að leggja útsvar á erlend skip, er leggi upp afla sinn hjer, og áður en lög nr. 46 1926 gengu í gildi mun eldri útsvarslöggjöf hafa heimilað slíkt, að minsta kosti ef skipin höfðu bækistöð hjer (t. d. erlend skip, er fá leyfi til þess að veiða sild í síldarverksmiðjur). Sje svo, að hin gildandi lög heimili slíka útsvarsskyldu erlendra skipa, sem grein þessi gerir ráð fyrir, þá er ákvæðið til þess að kveða skýrar á um þetta atriði, sem málaferli þegar ern risin út af.

Ad 3. gr.

Hjer er farið fram á, að af stórfeldari atvinnurekstri (er nemnr 3000 kr. eða meiru) sje útsvar greitt í dvalarsveit. Er þetta ákvæði í raun og veru ekki annað en fyllra ákvæði á undantekningu í útsvarslögunum um það, að á gjaldþegn megi leggja í fleiri stöðum en einum. Er þá sönnu nær, að slíkt sje ákveðið um stórfeldari atvinnurekstur en um smávægilegan, eins og t. d. laxveiði, sem gildandi lög þó hafa talið sjálfsgagt, að gjaldþegn greiddi útsvar af í dvalarsveit. Er það því óeðlilegra, sem stórfeldur atvinnurekstur veldur dvalarsveit miklu meiri óþægindum og kostnaði en smávægilegur rekstur eins og t. d. laxveiði, en er hinsvegar gjaldþegni miklu uppgripameiri, og í þriðja lagi getur niðurjöfnunarnefnd heimilissveitar betur gert sjer grein fyrir rjettlátu útsvari á smávægilegan atvinnurekstur utan heimilissveitar en á stórfeldan.

Reynslan hefir sýnt, að niðurjöfnunarnefndum heimilissveitar veitir oft mjög örðugt að fylgjast með stærri atvinnurekstri utan heimilissveitar og ákveða útsvar svo, að rjettlátt verði eftir þeim rekstri og hagnaði, sem gjaldþegn hefir haft utan heimilissveitar. Verður sú álagning hjá heimilissveit ýmist útundan eða af handahófi. Niðurjöfnunarnefndir dvalarsveitar standa miklu betur að vigi með að vita um allan reksturinn og hvernig hann hefir gengið. Það ætti nú að liggja beinast við, að sá leggi útsvar á, sem best þekkir til, og það er það, sem grein þessi vill tryggja. Hjer er ekki að ræða um að gera atvinnurekstur, sem áður var útsvarsfrjáls, útsvarsskyldan, heldur aðeins gefa dvalarsveit í stað heimilissveitar heimild til að ákveða útsvarið, þegar ætla má, að dvalarsveitin standi betur að vigi til þess sökum kunnleika en heimilissveitin (sem stundum er á öðru landshorni en þar sem hinn stórfeldi atvinnurekstur, sem hún átti að ákveða útsvar af, er rekinn).

Eigi ætti það að mæla móti grein þessari, þótt því sje haldið fram — og það með rjettu, — að tryggja beri, að gjaldþegn verði ekki fyrir ósanngjörnum útsvörum í dvalarsveit. Því er til að svara: þegnskapur niðurjöfnunarnefndar í dvalarsveit ætti að vera svipaður og niðurjöfnunarnefndar í heimilissveit, og auk þess getur gjaldþegn kært útsvar sitt í dvalarsveit til ráðuneytisins. Útsvarið ætti einmitt að vera síður ágiskun og órjettlátt, er útsvarsálagningin á stórfeldan og yfirgripsmikinn atvinnurekstur færast úr höndum manna ókunnugra atvinnu-

rekstrinum i hendur kunnngra. Jafnframt er það líka trygt, að ekki megi leggja útsvar i heimilissveit gjaldþegns á atvinnurekstur, sem hann annarsstaðar hefir greitt útsvar af.

Niðurstaðan verður því sú, að gjaldþegn er ekki íþyngt með ákvæðinu. Að eins ef útsvar gjaldþegns fyrir ókunnugleik heimilissveitar um atvinnurekstur utan heimilissveitar verður annaðhvort of hátt eða of lágt, kemur raunverulegur mismunur fram, en það er greininni ætlað að fyrirbyggja.

Ad 4. gr.

Þarf engrar útskýringar.

Ad 5. gr.

Tilgangnr greinarinnar er að tryggja atvinnusveit, að gjaldþegn gefi skýrslur og telji fram tekjur og eignir í atvinnusveit á sama hátt og 5. gr. útsvarslaganna tryggir heimilissveit (og dvalarsveit). Sennilega hefir þetta vakað líka fyrir lögjafanum, en greinin er þannig samín, að hún kemur að eins heimilissveit (og dvalarsveit) að haldi. En það er alls ekki nóg, að gjaldþegn gefi heimilissveitinni slíkar skýrslur um atvinnurekstur sinn í atvinnusveit. Niðurjöfnunarnefnd atvinnusveitar getur betur gagnrýnt skýrslurnar en nefndin í heimilissveitinni (ef til vill í öðrum landsfjórðungi). Segja mætti ef til vill, að landsstjórnin hafi samkv. 11. gr. útsvarslaganna heimild til þess að setja svipuð ákvæði og að ákvæðið væri því óþarft, en bæði er, að slíkt ákvæði vantar, og svo er rjett að hafa ákvæðið i útsvarslögunum sjálfum, en ekki á valdi umboðsstjórnarinnar fremur en að því, er heimilissveit snertir.

Ad 5. gr.

Skýrar en áður reynt að fyrirbyggja, að á sama atvinnurekstur verði tvisvar lagt útsvar.